



Aðalfundur Endurlífgunarráðs Íslands

Aðalfundur Endurlífgunarráðs Íslands, haldinn föstudaginn 9. september kl:14:30-15:30 í Menntadeild LSH í Skaftahlíð og í gegnum Zoom.

Mættir voru: Hrafnhildur Lilja, Elma Rún, Gunnar, Hjörtur, Ilmur, Jón Garðar, Óskar, Sesselja og Valgerður (á Zoom) úr stjórn auk nokkurra leiðbeinenda bæði á staðnum og á Zoom.

DAGSKRÁ FUNDAR:

1. Fundur settur.

Hjörtur Oddson formaður EÍ setur fundinn og skipar Óskar Örn fundarstjóra og Elmu Rún fundarritara.

Óskar setur fund og staðfestir að fundur hafi verið boðaður löglega.

2. Skýrsla formanns endurlífgunarráðs um starfsemina (Hjörtur Oddsson)

Hjörtur fer yfir ársskýrslu 2021:

- Covid 19 hafði enn áhrif á starfsemi ráðsins en þó jókst kennsla á ný bæði á sjúkrahúsum og í skólunum. Það tap sem varð á rekstri félagsins 2020 var því snúið við með aukinni kennslu þetta árið.
- Við vöndumst því að halda fundi með fjarfundarbúnaði og það bætti nokkuð fundarsókn stjórnar.
- Fundir á árinu voru 8. Ýmis vinna var unnin á árinu, nýjar leiðbeiningar voru innleiddar og kynntar. Nýtt námsefni var unnið en hefur því miður náðist ekki alveg að endurnýja það að öllu leyti eins og ætlunin var hjá ERC. Mikil vinna hefur farið í að þýða þessi skjöl. Áfram var unnið með að reyna staðsetja öll AED tækin en það hefur verið þrautin þyngri að reyna fá þessar upplýsingar og ekki gengið nema að hluta til. Reynt að innleiða að 2222 yrði neyðarnúmer á LSH eins og SAK og öðrum Evrópskum sjúkrahúsum en það númer er í notkun á LSH og illa gengur að fá því breytt. Sú vinna heldur því áfram. Við höldum leiðbeinendadag í september sem fór fram á Zoom.
- Ný stjórn var valin og 4 nýjir meðlimir komu í hópinn. Hjörtur Oddson formaður, Elma Rún Ingvarsdóttir, Ilmur Dögg Níelsdóttir, Sigurbjörg Skarphéðinsdóttir og Valgerður Hermannsdóttir voru í fráfarandi stjórn og gáfu kost á sér áfram. Nýir í stjórn voru Gunnar Steinþórsson, Jón Garðar Viðarsson, Óskar Örn Óskarsson og Sesselja Haukdal



Friðþjófsdóttir. Starfsmaður ráðsins er Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir. Þeir sem hættu í stjórn voru Ásgeir Valur Snorrason, Ármann Jónsson, Hlynur Höskuldsson og Þórður Þórkelsson. Þökkum við þeim þeirra störf.

- Við undirbjuggum GIC námskeið vegna skorts á kennurum og innleiðingu á NLS, sérhæfðri endurlífgun nýbura. Þetta var mikil vinna fyrir starfsmann ráðsins. Árangurinn af þessari vinnu kom fram á þessu ári.
- Þetta ár voru 56 námskeið haldin fyrir 715 nemendur.

Háskólinn á Akureyri

8 námskeið og 100 nemendur

Endurlífgunarráð Íslands

2 námskeið og 25 nemendur

Landspítali

24 námskeið og 325 nemendur

Sjúkrahúsið á Akureyri

11 námskeið og 127 nemendur

(að auki BLS með 25 nemendur og endurmenntun fyrir 11 nemendur)

Sjúkraflutningaskólinn

11 námskeið og 138 nemendur

- Mikil umræða um að bæta kennslu og ef einhverjar hugmyndir eru um það, þá endilega komið með þær.

3. Rekstarreikningur kynntur og ársreikningar ráðsins lagðir fram til staðfestingar (Hrafnhildur Lilja)

- Hrafnhildur fer yfir reikninga og þeir eru án athugasemda frá stjórninni og öðrum fundarmönnum.
- Mun betri staða 2021 en 2020, einhver námskeið voru haldin þá sem áttu að vera 2020 og var frestað vegna Covid.
- Hagnaður uppá rúmar 2,7 milljónir



- Fáum nefskatt fyrir hvert námskeið sem haldið er á Íslandi og svo borgar ERC okkur fyrir hvern nemanda sem við menntum
- Þar sem við vorum í góðum plús gátum við haldið GIC námskeið og startað NLS námskeiðum á þessu ári (2022)
- Reikningurinn er einróma samþykktur

4. Tillögur að breytingum á reglum ráðsins

Sendar voru út tillögur að breytingum á reglum ráðsins með lögbundum hætti fyrir fund. 1. og 2. tillaga eru samþykktar einróma á fundinum.

5. Önnur mál

- a) Tilkygning um breytingu í stjórn. Gunnar Steindórsson hefur óskað eftir því að hætta í stjórn ráðsins og Kristján Sigfússon tekur við hans sæti fyrir hönd sjúkraflutningsmanna.
- b) Auglýst er eftir starfsmanni ráðsins. Við þurfum að fá áhugasaman starfsmann í ca 10% starf, Hrafnhildur Lilja hefur sagt upp því starfi og vill gjarnan losna undan þessu, hún hefur nóg á sinni könnu. Hún yrði áfram NCD og tengiliður ráðsins. Það vantar starfsmann til að sjá um að fundir fari fram, borga reikninga, sjá um vefsíðu og sitja fundi með stjórn. Þessi starfsmaður þarf ekki að vera með réttindi til að kenna ALS og EPALS eða slíkt en hafa áhuga á þessu sviði. Fólk beðið um að horfa í kringum sig og auglýsa á sínum starfsvettvangi.

Fundi slitið, fundarritari Elma Rún Ingvarsdóttir